

Veiðimálastofnunin  
12. október 1979,  
Teitur Arnlaugsson.

### Selá Vopnafirði.

Bráðabirða Skýrsla fyrir veiðifélagsfund.

Hér verður reynt að gera grein fyrir þeim megin atriðum sem koma fram við seiðakönnunina þann 22. og 23. ágúst 1979. Það skal skýrt tekið fram að úrvinnslu gagna er ekki lokið, t.d. aldursgreiningar, og því hefur þurft að byggja á lengdardreifingu seiðanna (mynd 1), hvað þetta atriði varðar.

#### 1. Klakið í ár (vorgömul).

Einungis fengust 4 laxaseiði, sem ætla má að hafi verið frá klaki í ár (2,7 og 2,8 cm að lengd). Hinar Vopnafjarðarárnar, Vesturdalsá, Hofsa og Sunnudalsá, voru einnig kannaðar á sama tíma og sýnir frumúrvinnsla á gögnum frá þeim ám sömu niðurstöður, þ.e. sárafá laxaseiði frá klaki í ár.

Ekki hefur fyrr verið gerð seiðakönnun á neinni af Vopnafjarðaránum og því ekki vitað um venjulegan klaktíma laxaseiða í héraðinu. Klaktími laxaseiða sunnanlands í meðalhlýju ári, er í endaðan maí eða byrjun júní. Um klaktímann er annars það að segja, að hann ræðst einvörðungu af vatnshitanum og er þeim mun styttri sem áin er hlýrri. Vafalítið má telja að laxaklak í Vopnafirði sé nokkuð seinna á ferð en á Suðurlandi, en í meðalári varla svo seint sem í endaðan ágúst. Í ár, var vorið og sumarið hins vegar óvenju kalt, og má ætla að það hafi verulega seinkað klakinu. "Þessa árs seiðin" voru greinilega nýbúin að sleppa kviðpokanum og því nýskriðin upp úr mölinni. Tel ég líklegra að megin þorri þeirra hafi enn verið á kviðpokastigi, og því ofan í mölinni, og af þeim sökum ekki komið fram í veiðinum, fremur en að klakið í ár hafi svo gjörsamlega misfarist, eða þá að nánast engin hrygning hafi átt sér stað á síðastliðnu ári. Ef fyrri tilgáta er rétt, sem mér þykir öllu líklegri, þá þarf þessi árgangur ekki endilega að koma illa út. Þó þer maður í brjosti ákveðinn efa um, að þessi seiði verði eins vel undir veturinn búin og í góðu ári, og að það muni leiða til aukinna affalla.

## 2. Eldri seiði.

Niðurstöður útreikninga á seiðafjölda aldurshópanna (tafla 1 og mynd 2), benda til þess, að eldri seiðin (3 og 4 ára) séu hlutfallslega fjölmennari en þau smærri, en hlutfallið milli eins og tveggja ára seiðanna sé nokkuð nærri lagi. Á þetta við ána sem heild, því hlutföllin eru á ýmsa vegu á hinum einstöku veiðistöðum (tafla 1) og einnig árhlutunum ofan og neðan laxastiga (mynd 2). Þar sem ekki er hægt að styðjast við fyrri athuganir og þessi athugun mælir aðeins ástandið eins og það var á þeim tíma þegar athugunin var gerð, er ekki hægt að rekja sig aftur um orsakir þessa. Hugsanlegt er, að hið óvenjulega érferði sé að einhverju leiti skekkjuvaldurinn. Að vorvöxtur hafi byrjað seint og verið lítil, sem hafi leitt til þess að sum eldri seiðanna hafi ekki náð göngubróska í ár, sem þau hefðu annars náð í meðalári. Nærtækari skýring er ef til vill sú, að þetta stafi af misstórum hrygningarstofnum, eða þá þáttum, sem eru óháðir stærð hrygningarstofnsins, svo sem, að frosthörkur, flóð eða vatnsleysi hafi leikið þessa árganga misgrátt.

Hvort seiðamagn árinna sé í samræmi við uppeldisskilyrðin, eða hvort það sé meira eða minna en undanfarin ár, en ógjörningur að segja nokkuð ákveðið um, eftir eina könnun. Það er þó eftirtektarvert hvað seiðamagn einstakra veiðistaða er breytilegt (tafla 1), þar sem áin er hins vegar mjög áþekkt alls staðar hvað einkenni varðar (þ.e. botngerð og straumlag). Þetta atriði gæti gefið til kynna að áin sé ekki fullnýtt, og það var sú tilfinning sem ég öðlaðist eftir þessa könnun. Úrvinnsla gagna í hinum Vopnafjarðaránum er ekki það langt á veg komin að hægt sé að bera saman seiðamagn ána í héraðinu. Samanburður við fjarlægari ár er vafasamur, þegar ekki liggja fyrir meiri upplýsingar. Svona meir til fróðleiks, er Deildará á Sléttu nefnd. Í samanburði við hana er meðalseiðapéttleiki elstu seiðanna í Selá um 1/3 minni, en um þrefalt minni hjá yngri seiðunum. Undanfarin ár hefur Deildará gefið í veiði um 40-60 laxa per hektara uppeldissvæðis (uppeldissvæði Selár frá ósi að Almenningsá-ytir ívart undir 40 hektörum).

Niðurlag.

Eftir eina seiðakönnun, eins og þá sem hér var framkvæmd, er langt í frá að nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir, að því verði svarað í tölum, hvað áin framleiði eða kunni að geta framleitt af laxi, og hvað sé hæfilegur hrygningarstofn t.þ.a. ná hámarksgönguseiðaframleiðslu. Viðunandi svör við þessum mikilvægu spurningum fást ekki nema fylgst verði með seiðamagni árinna í nokkur ár, og haldnar verði ýtarlegar skýrslur um veiði.

Sem almenna umsögn eftir þessa könnun, þá er áin mjög heilleg til uppeldis á laxaseiðum og uppeldissvæðið er mjög víðáttumikið. Þó má vera að hrygningarskilyrðin séu nokkuð knöpp. Miðað við seiðamagnið sem fékkst á veiðistöðunum, og víðáttu uppeldissvæðisins er ekki annað að sjá, en að þessir aldurshópar (1-2 og eldri) ættu að gefa af sér laxagöngu, sem gafi meðalveiði, og elstu seiðin ef til vill vel það (þ.e. 1981-1982).


MYND 2 SELA - VORPFIÐI 22/23/8 '79

PRÓSENTA LARSEIÐA Í ALDRISFLOKKI (LENGDARFLOKKI) SAMR. ANTUNOUM FÉLDA.

VORÐMUL	N-STÍGA	0-STÍGA	ÖLL ÁM
1 ÁRS	38.7	47.9	44.5
2 ÁRA	36.3	19.9	25.9
ELORI	25.0	28.8	27.4

SÖMU UPPLÝSINGAR A MUNDURUMI

EF VORÐMUL ER TÆÐI MLD:



TAFLA 1

Aætlaður seiðafjöldi (per 100 m<sup>2</sup>) á veiðistöðunum og meðalfjöldi.

Veiðistaðir → Aldur	Neðan laxastiga			Ofan laxastiga				Meðaltöl		Samtals	
	1	2	3	4	5	6	7	8	Neðan stiga		Ofan stiga
vorgömul	0,0	0,0	0,0	0,0	3,2	2,3	0,0	0,0	0,0	1,0	0,5
1 árs	18,7	3,3	3,4	3,0	48,6	17,7	9,0	0,0	8,0	13,3	11,0
2 ára	9,3	10,9	2,8	4,0	6,5	5,4	10,9	1,5	7,5	5,6	6,4
Eldri	1,0	1,5	12,2	2,7	7,0	8,5	16,4	6,2	5,2	8,0	6,8
Samtals lax	29,0	15,7	18,4	9,7	65,3	33,9	36,3	7,7	20,7	27,9	24,7
Samtals bleikja	1,3	1,8	5,1	1,3	1,1	-	0,8	1,2	2,9	0,9	1,7
Samtals lax/bleikja	30,3	17,5	23,5	11,0	66,3	33,9	37,1	8,9	23,6	28,8	26,4

